



**SIBS**

29. árgangur : 2. tölublað : júní 2013

**BLAÐIÐ**

**HREYFING:  
ÉG GET ÞETTA LÍKA!**



# VINIR VINNA VERTU VINUR

Tryggðu þér vinanúmer núna á [sibs.is](http://sibs.is) eða í síma **560 4800**

## SÝNDU VINARHUG

SÍBS-vinir standa að baki endurhæfingar að Reykjalundi sem byggir upp fólk eins og þig effir sjúkdóma og slys

500 milljónir í verðlaunapottinum þetta árið,  
aðeins 1200 kr. miðinn  
- vertu með, þú veist aldrei nema röðin sé komin að þér

HAPPDRÆTTI SÍBS ... fyrir lífið sjálft

- 3 Mannleg þjáning og milljarðatap
- 4 Hreyfing, langlífi og þjóðarhagur
- 8 Hreyfiseðill – ígildi lyfseðils
- 12 Við erum gerð til að hreyfa okkur
- 14 Ég get þetta líka!
- 18 Hreyfing barna: Góð heilsa og vellíðan allt lífið
- 20 Veðrið er betra en þú heldur!
- 22 Að meta ákefð hreyfingar
- 26 Stiklur úr starfi SÍBS

**SÍBS-BLADIÐ**

29. árgangur | 2. tölublað | júní 2013

ISSN 1670-0031

**Úgefandi:**

**SÍBS**

Síðumúla 6

108 Reykjavík

Sími: 560-4800

Netfang: sibs@sibs.is

Heimasíða: www.sibs.is

**Ábyrgðarmaður:**

Guðmundur Löve

gudmundur@sibs.is

**Ritstjóri:**

Páll Kristinn Pálsson

pallkristinn@internet.is

**Auglýsingar:**

Öflun ehf.

**Umbrot og prentun:**

Prentmet ehf.

**Upplag:** 11.000 eintök

Leiðari



Guðmundur Löve, framkvæmdastjóri SÍBS

# Mannleg þjáning og milljarðatap

Vanlíðan og sjúkdómar sem tengjast óheilbrigðum lífsstíl er alvarlegur vandi á Íslandi. Vandinn snýr að líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu þjóðarinnar. Beinn skaði sem samfélag og einstaklingar verða fyrir af völdum lífsstíls-sjúkdóma má jafna við að tíunda hvert æviár glatist vegna ótímabærs dauða eða örorku hjá öllum Íslendingum 40 ára og eldri. Hér er ekki verið að telja til það sem okkur er áskapað, heldur aðeins ótímabæran skaða sem við getum sjálf reynt að koma í veg fyrir með því hvernig við kjósum að lifa lífinu.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) mælir það heilsutjón sem verður vegna óæskilegs lífsstíls. Hjarta-, æða- og öndunarferasjúkdómar vega þungt, og glatast af þeirra völdum 12 þúsund „góð æviár“ á hverju ári samkvæmt skýrslunni Global Burden of Disease frá desember 2012. Sé stoðkerfis- og geðröskunum bætt við má tvöfalda þá tölu. Miðað við landsframleiðslu á mann árið 2012 jafngilda þessi 24 þúsund æviár 130 milljörðum króna á ári, og er þá ótalin sú mannlega þjáning sem þarna liggur að baki.

Í fyrra dóu í fyrsta sinn fleiri af völdum ofþyngdar en vannæringar í heiminum, svo tæplega verður við lífsstílsvandann ráðið í einu vetfangi. En þegar vandinn er svo mikill sem raun ber vitni telja

litlir sigrar stórt. Sem dæmi má nefna, að samkvæmt rannsóknum unnum við Háskóla Íslands og Háskólann á Bifröst nemur kostnaður íslensks samfélags vegna offitu einnar milli 5 og 10 milljarða króna á ári – og það eitt að þjóðin létti sig um að meðaltali þrjú kíló myndi spara meira en milljarð króna árlega.

Stærstu lífsstílsbreyturnar eru mataræði, hreyfing, áfengi og tóbak, svefnvenjur og streituumhverfi. Óheppilegt mataræði er útnefnt af WHO sem aðalorsök glataðra æviára á Íslandi. Ásamt góðu mataræði getur hreyfing haldið líkamsþyngd í skefjum og aukið lífsgæði, ásamt því að spara þjóðfélaginu útgjöld til lengri tíma. Því miður sjáum við á þróun undanfarinna ára að þetta gerist ekki af sjálfu sér.

Hvernig má þá stemma stigu við því að 24 þúsund æviár glatist á hverju einasta ári samhliða gríðarlegum samfélagslegum kostnaði? Svárið liggur í forvörnum, en fræðsla ein og sér er ekki nóg, heldur þurfa einstaklingar sem eiga við lífsstílsvanda að etja að geta fengið heildstæða meðhöndlun og eftirfylgni áður en þeir verða alvarlega veikir.

Við viljum ekki að næsta kynslóð verði sú fyrsta til að lifa skemur en hin núlifandi. Nú þurfum við að hugsa út fyrir rammann og finna leiðir til að snúa þróuninni við. **SÍBS**

SÍBS er samband félaga á sviði brjóstholssjúkdóma með á sjöunda þúsund félagsmanna. SÍBS á og rekur endurhæfingarmiðstöðina Reykjalund og öryrkjavinnustaðinn Múlalundur.





Gígja Gunnarsdóttir, íprótta- og heilsufræðingur BS, MPH, verkefnastjóri hreyfingar hjá embætti landlæknis

## Hreyfing, langlífi og þjóðarhagur

Árið 1953 birtu Morris og félagar tímamótagein í hinu virta tímariti *The Lancet* sem sýndi að miðaverðir, sem hlupu upp og niður stigana í tveggja hæða vögnum Lundúnaborgar, fengu síður kransæðasjúkdóma en bílstjórnarnir sem sátu allan daginn. Síðan hefur staða þekkingar á fjölþættu gildi hreyfingar sem forvarnar- og meðferðarforms sífellt verið að eflast. Þrátt fyrir það benda kannanir til að stór hluti Íslendinga á öllum aldri hreyfi sig ekki nóg (Hólmfríður Þorgeirsdóttir ofl., 2011; Currie ofl., 2012). Af hverju? Er mikilvægi reglulegra hreyfingar og áhætta kyrrsetulífis almennt vanmetið eða hvetja aðstæður og umhverfi ekki nóg til hreyfingar? Rannsóknir sýna að bæði skiptir máli, þ.e. annars vegar þættir sem snúa að einstaklingum sjálfum og einnig þeirra nánasta umhverfi (Bauman o.fl., 2012).

Smitsjúkdómar ekki lengur helsta ógnin Ekki þarf að hafa mörg orð um þær miklu breytingar sem hafa orðið á þróuðum samfélögum líkt og því íslenska á síðustu árum og áratugum. Samkvæmt WHO (2012) valda nú langvinnir og ósmittæmir sjúkdómar<sup>1</sup> mestri sjúkdómabyrði (77%) og flestum dauðsföllum (88%) í Evrópu í stað vannæringar og farsóttar fyrir á tímum. Og stærstur hluti þeirrar sjúkdómabyrði og ótímabærra dauðsfalla sem má fyrirbyggja í Evrópu kemur til vegna hjarta- og æðasjúkdóma, krabbameina, langvinnrar lungnateppu og sykursýki og vegna sameiginlegra áhættuþátta þessara sjúkdóma, þ.e. tóbaksneyslu, skaðlegar neyslu áfengis, kyrrsetu og óholls mataræðis auk offitu.

Flest ótímabær dauðsföll tengjast lífsstíl Ef við lítum okkur nær og skoðum stöðuna á Íslandi eru, samkvæmt nýlegri samantekt IHME (2012), flest ótímabær dauðsföll<sup>2</sup> vegna kransæðasjúkdóma, lungnakrabbameins, heilablóðfalla og sjálfsskaða. Flest lífár með skerta getu<sup>3</sup> eru hins vegar áætluð vegna verkja í mjóbaki, alvarlegs þunglyndis, verkja í hálsi og annarra stoðkerfisvandamála. Þá er áætlað að flest glötuð góð æviár<sup>4</sup>, þar sem tillit er tekið til lífára við skerta getu auk ótímabærra dauðsfalla, séu vegna verkja í mjóbaki, kransæðasjúkdóma, alvarlegs þunglyndis og falla. Þessar niðurstöður samræmast t.d. ágætlega niðurstöðum rannsóknar Stefáns Thorlaciusar og Sigurðar B. Stefánssonar (2010) þar sem kemur m.a. fram að langalgengustu orsakir örorku 16-66 ára fólks á Íslandi eru geðraskanir (33,1% hjá kvk og 41,5% hjá kk) og stoðkerfisraskanir (35,7% hjá kvk og 17,2% hjá kk).

Hreyfing, heilsa og sjúkdómabyrði Með helstu heilsufarsógnir Íslendinga í huga má sjá að rannsóknir í gegnum tíðina staðfesta að hreyfing er einn af lykiláhrifaþáttum heilbrigðis, samanber töflu 1 (Lee ofl., 2012). Til viðbótar við þau atriði sem koma fram í töflunni má einnig nefna að hreyfing spornar gegn streitu og bætir svefn (USDHHS, 2008). Hreyfing er því ekki aðeins mikilvæg til að fyrirbyggja ótímabæran dauða og skert lífsgæði vegna fjölmargra sjúkdóma heldur stuðlar hún ekki síst að því að fólk sé almennt betur í stakk búið til að takast á við áskoranir daglegs lífs.

- 2 e. Years of life lost  
3 e. Years lived with disability  
4 e. Disability adjusted life years

1 e. Noncommunicable diseases

Kannanir benda til að stór hluti Íslendinga á öllum aldri hreyfi sig ekki nóg.



**MÁLNINGARMIDSTÖÐIN**  
Pröstur Guðjónsson  
Málaramestari  
Sími: 694 1147 · 600 Akureyri



Tafla 1.

**Staða þekkingar á gildi hreyfingar fyrir fulloröna.**

**Sterk staða þekkingar um að hreyfing minnkar tíðni:**

- Ótímabærra dauðsfalla almennt
- Kransæðasjúkdóma
- Hábrýstings
- Heilablóðfalla
- Efnaskiptavillu
- Sykursýki af tegund 2
- Brjóst- og ristilkrabbameins
- Punglyndis
- Falla

**Einnig sterk staða þekkingar um að hreyfing:**

- Bætir afkastagetu lungna, hjarta og æðakerfis og vöðvastyrk
- Stuðlar að heilsusamlegu holdafari
- Bætir beinheilsu
- Eykur starfræna heilsu
- Bætir hugræna getu

En hvað á kyrrseta stóran þátt í sjúkdómabyrði langvinnra sjúkdóma? Lee o.fl. (2012) áætla að kyrrseta orsaki á heimsvísu um 6% kransæðasjúkdóma, um 7% sykursýki af tegund 2, um 10% brjóstakrabbameina, um 10% ristilkrabbameina og um 9% ótímabærra dauðsfalla almennt. Vísindamennirnir benda einnig á að kyrrseta hafi svipuð áhrif á lífslíkur og reykingar og offita.

Auk beinna áhrifa hreyfingar á heilsu hefur t.d. virkur ferðamáti, líkt og ganga og hjólræiðar,

einnig jákvæð áhrif umhverfið (m.a. mengun og hávaða) sem hefur aftur góð áhrif á heilsu allra íbúa og hag samfélaga almennt (Woodcock o.fl., 2009).

**Hreyfing og lífslíkur**

Kyrrseta er fjórða algengasta dánarorsökin á heimsvísu (WHO, 2010). Ef nánar er litið á tölu- legar upplýsingar gerðu t.d. Moore o.fl. (2012) nýlega umfangsmikla rannsókn á því hversu mörg lífár gætu unnist hjá 40 ára og eldri eftir því hversu mikil hreyfing var stunduð í frítíma. Í töflu 2 eru tekin dæmi um áhugaverðar niður- stöður úr rannsókninni en nánari upplýsingar um efnivið, aðferðir, vikmörk o.fl. má sjá í umræddri grein.

Ef litið er á hópinn almennt eru t.d. 40 ára og eldri sem hreyfa sig minna en hreyfiráðleggingar segja til um, en þó eitthvað, í um 20-25% minni (sjá áhættuhlutfall) hættu á að deyja en þeir sem hreyfa sig ekkert. Fyrirnefndi hópurinn er einnig líklegur til að lifa allt að 2,5 árum lengur (sjá áunnin lífár). Að sama skapi eru þeir sem stunda lágmarkshreyfingu miðað við ráðlegg- ingar í rúmlega 30% minni hættu á að deyja og eru líklegri til að lifa um 3,4 árum lengur en þeir sem hreyfa sig ekkert. Þeir sem eru hættir að reykja geta minnkað hættuna á dauða um tæp 40% og aukið lífslíkur um rúm 4 ár með því að hreyfa sig í samræmi við lágmarksráðleggingar borið saman við þá sem eru hættir að reykja en hreyfa sig ekkert. Reykingamenn sem hreyfa sig a.m.k. í samræmi við lágmarksráðleggingar geta minnkað hættuna á dauða um 25% og bætt um 2,6 árum við lífið samanborið við aðra reykinga- menn sem hreyfa sig ekkert. Heilt yfir má sjá að jafnvel lítil hreyfing hefur töluverð, jákvæð áhrif

Sá sem hættir að reykja og stundar lágmarkshreyfingu lengir líf sitt um 4,1 ár.

Tafla 2.

**Hreyfing og áhættuhlutfall fyrir dauða og áunnin lífár 40 ára og eldri í heild og eftir reykingum.**

	Flokkar hreyfingar				
	Engin hreyfing	Hreyfing en minni en ráðleggingar	Lágmarkshreyfing mv. ráðleggingar	Tvöföld hreyfing mv. ráðleggingar	Prefölds hreyfing mv. ráðleggingar
<b>Heild</b>					
Áhættuhlutfall*	1.0	0.81 - 0.76	0.68	0.61	0.59
Áunnin lífár	Viðmið	1,8 - 2,5	3,4	4,2	4,5
<b>Reykt en hætt</b>					
Áhættuhlutfall	1.0	0.77 - 0.72	0.63	0.55	0.52
Áunnin lífár	Viðmið	2,2 - 2,8	4,1	5,0	5,5
<b>Reykir</b>					
Áhættuhlutfall	1.0	0.86-0.76	0.75	0.67	0.68
Áunnin lífár	Viðmið	1,3 - 2,5	2,6	3,7	3,5

\*e. Hazard ration, HR



Kostnaður vegna kyrrsetu í Bandaríkjunum og Kanada var áætlaður allt að 50.000 krónur á hvern íbúa árið 2012. Það jafngildir 16 milljörðum alls hér á landi.


á lífslíkur og ávinningurinn verður meiri eftir því sem fólk hreyfir sig meira, en afmarkast þó á endanum af getu hvers og eins.

### Hagrænt gildi hreyfingar

Kostnaður vegna kyrrsetu hefur ekki verið metinn með heildstæðum hætti fyrir Ísland. Ef titið er til annarra þjóða er áætlað að beinn kostnaður heilbrigðiskerfisins vegna kyrrsetu sé á bilinu 28,4-334,4 USD á hvern íbúa í Ástralíu, Bretlandi og í Sviss. Ef óbeinn kostnaður er reiknaður með er upphæðin á bilinu 154,7 – 418,9 USD á hvern íbúa í Kanada og í Bandaríkjunum (Kohl o.fl., 2012).

Vel þekkt er að fæðingum er að fækka á meðan hlutfall fólks á eftirlaunaaldri er sífellt að aukast með tilheyrandi áskorunum fyrir velferðarkerfi þjóða. WHO leggur því ríka áherslu á að leita sem hagkvæmasta leiða til að fólk lifi ekki aðeins lengur heldur lifi eins sjálfstæðu, heilbrigðu og almennt góðu lífi og kostur er.

Hér hefur verið fjallað um fjölpætt gildi hreyfingar fyrir heilsu, líðan og lífslíkur. Fyrir liggur að stór hluti þjóðarinnar hreyfir sig ekki nóg og því ljóst að kyrrseta er lýðheilsuvandamál sem verður að taka alvarlega. Aðgerðir sem sporna gegn kyrrsetu og stuðla að hreyfingu landsmanna á öllum æviskeiðum eru sannarlega dæmi um leiðir sem eru líklegar til að bæta hag

einstaklinga og samfélagsins í heild svo um munar. Valið er okkar. 

### Heimildir

Adrian E. Bauman o.fl. (2012). Correlates of physical activity: why are some people physically active and others not? *The Lancet*, 380, 258-271.

Currie, C. o.fl. (2012). *Social determinants of health and well-being among young people (HBSC)*. Kaupmannahöfn: WHO Regional Office for Europe.

Harold W. Kohl 3rd. o.fl. (2012). The pandemic of physical activity: global action for public health. *The Lancet*, 380, 294-305.

Hólmfríður Þorgeirsdóttir o.fl. (2011). *Hvað borða Íslendingar? Könnun á mataræði Íslendinga 2010-2011*. Reykjavík: Embætti landlæknis, Matvælastofnun og Rannsóknastofa í næringarfræði.

Institute for Health Metrics and Evaluation. (2012). *GBD profile: Iceland*. Sótt 15/4 2013 á [www.healthmetricsandevaluation.org/gbd/country-profiles](http://www.healthmetricsandevaluation.org/gbd/country-profiles)

I-Min Lee o.fl. (2012). Effects of physical inactivity on major non-communicable diseases world-wide: an analysis of burden of disease and life expectancy. *The Lancet*, 380, 219-229.

Sigurður Thorlacius og Sigurjón B. Stefánsson. (2010). *Algengi örorku á Íslandi 1. desember 2009 og samamburður við árin 2002 og 2005*. Sótt 3/5 2013 á [www.tr.is/media/skjol-a-pdf/Algengi-ororku-2009-Skyrsla.pdf](http://www.tr.is/media/skjol-a-pdf/Algengi-ororku-2009-Skyrsla.pdf)

US Department of Health and Human Services. (2008). *Physical activity advisory committee report*. Sótt 3/5 2013 á [www.health.gov/paguidelines/Report/Default.aspx](http://www.health.gov/paguidelines/Report/Default.aspx)

WHO. (2010). *Global recommendations on physical activity for health*. Genf: WHO.

WHO Europe. (2012). *Action Plan for implementation of the European Strategy for the Prevention and Control of Noncommunicable Diseases 2012-2016*. Kaupmannahöfn: WHO Regional Office for Europe.

WHO Europe. (2013). *The European health report 2012. Charting the way to well-being*. Kaupmannahöfn: WHO Regional Office for Europe.

Woodcock o.fl. (2009). Public health benefits of strategies to reduce greenhouse-gas emissions: urban land transport. *The Lancet*, 374, 1930-43.

## Þökkum eftirtöldum aðilum veittan stuðning við málstað SÍBS

### Reykjavík

A. Margeirsson ehf Flúðaseli 48  
 A. Wendel ehf Tangarhöfða 1  
 AB varahlutir ehf Funahöfða 9  
 ABS-fjölmíðlahús ehf Bergstaðastræti 54  
 Aðalvík ehf Ármúla 15  
 Antikmunir Klapparstíg 40  
 Arkitektastofa Grétars og Stefáns Eyjarslóð 9  
 Arkitektastofan OG ehf Skúlatúni 2  
 Arkis arkitektar ehf Katrínartúni 2  
 Atorka ehf verktafar og vélaleiga Vættaborgum 117  
 Atvinnuhús ehf Hverfisgötu 4  
 Á.K. Sjúkráþjálfun ehf Þverholti 18  
 Álnabær ehf, verslun Síðumúla 32  
 Áltak ehf Fossaleyni 8  
 Árbæjarapótek ehf Hraunbæ 115  
 Ásbýrgi, fasteignasala Suðurlandsbraut 54  
 Ásfell ehf Fremristekki 11  
 B.Árnason, byggingaþjónusta Breiðagerði 21  
 BabySam Mörkinni 1  
 Bakkus ehf Héðinsgötu 1  
 Barnalæknaþjónustan ehf, Domus Medica Egilsgötu 3  
 Batik ehf, silkiprent og ísamur Bilshöfða 16  
 Beautiful ICEcolors, snyrti- og naglastofa Langarima 21

Ber ehf, vinheildisala Gerðhómrum 30  
 Bernhöftsbakarí ehf Bergstaðastræti 13  
 Bifreiðastillingar Nicolai Faxafeni 12  
 Bílasala Guðfinns Stórhöfða 15  
 Bílasmiðurinn hf Bilshöfða 16  
 Bílavíðgerðir sf Viðarhöfða 6  
 Bílaþjónustan Bílaði bíllin sif Skógarhlíð 10  
 Blaða- og innheimtuþjónustan sf Kriuhólum 4  
 Bláðamannafélag Íslands Síðumúla 23  
 Blikksmiðja Reykjavíkur Súðarvogi 7  
 Blikksmiðjan Glófaxi hf Ármúla 42  
 Blikksmiðurinn hf Malarhöfða 8  
 Boreal ehf, ferðaþjónusta Austurbergi 18  
 Borgarblöð ehf Vesturgötu 15  
 Bókhaldsþjónusta Amar Ingólfs-sonar ehf Nethyl 2  
 Bókhaldsþjónustan Vík Síðumúla 12  
 Bólstrun Ásgríms ehf Bergstaðastræti 2  
 Bón Fús Súðarvogi 32  
 Brauðhúsið ehf Efstalandi 26  
 BSI bifreiðaverkstæði ehf Ásgarði 4  
 Búrið ostaverslun Nátúni 17  
 CC bílaleiga ehf Snorrabraut 29

Congress Reykjavík-Ráðstefnuþjónusta ehf Engjateigi 5  
 Dalía, blómaverslun Glæsibæ Álfrheimum 74  
 Danica sjávarafurðir ehf Suðurgötu 10  
 Diplo ehf Krókhálsi 4  
 Dregngsson pics ehf-dregngsson.is Nethyl 2  
 Dynjandi ehf Skeifunni 3h  
 E. Ólafsson ehf Fiskislóð 31  
 E.F. Ben ehf Kambsvogi 9  
 Efling stéttarfélag Sæturni 1  
 Efnalaugin Katla ehf Laugarásvegi 1  
 Efnamóttakan hf Gufunesi  
 Eignamiðlunin ehf Síðumúla 21  
 Eignaskipting ehf Unufelli 34  
 Eignaumsjá ehf Skeifunni 17  
 Eignaumsjón hf Suðurlandsbraut 30  
 Eldhús sælkerans ehf Lynghálsi 3  
 Endurskoðun og reikningshald ehf Bilshöfða 12  
 Erla, hannyrðaverslun Snorrabraut 38  
 Ernst & Young hf Borgartúni 30  
 ESP ehf Fossaleynir 16  
 Essem, auglýsingar & markaðs-ráðgjöf Bankastræti 5  
 Farmur ehf Eldshöfða 23  
 Fasteignakaup ehf Ármúla 15  
 Fasteignamarkaðurinn ehf Öðinsgötu 4

Faxaflóahafnir sf Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17  
 Fást ehf Köllunarklettsvegi 4  
 Ferðaskrifstofa Harðar Erlingssonar ehf Tjarnargötu 4  
 Félag tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna Háaleitisbraut 58-60  
 Fjarfestingamiðlun Íslands ehf Síðumúla 35  
 Fjrhald ehf Síðumúla 27  
 Flisar og Flot ehf Eyjabakka 14  
 Fljótavík ehf Deildarási 7  
 Flúgger Stórhöfða 44  
 Flutningsþrif Bergþóru ehf Kristnibraut 47  
 Forsæla-apartment house Grettisgötu 35b  
 Forum lögmenn ehf Aðalstræti 6  
 Fraktflutningar ehf Hlyngerði 2  
 Frikirkjan í Reykjavík Laufásvegi 13  
 Fræðslumiðstöð Ökukennarafélags Parabakka 3  
 Fönix ehf Hátúni 6a  
 G. M Verk ehf Stórhöfða 35  
 Gallabuxnabúðin Kringlunni Kringlunni 4-12  
 Galleri Fold Rauðarárstíg12-14  
 Garðmenn ehf Skipasundi 83  
 Gámasala Stólpi Gámar ehf Klettagörðum 5  
 Gáski sjúkráþjálfun ehf Þönglabakka 1 Mjódd



# Hvarmabólga og þurr augu.

Thealoz inniheldur trehalósa sem er náttúrulegt efni sem finnst í mörgum jurtum og dýrum sem lifa í mjög þurr umhverfi. Trehalósi eykur viðnám þekjufrumna hornhimnunnar gegn þurrki.



**Thea**

**provision**

Fæst í öllum helstu apótekum.

- Thealoz dropar**  
 Trehalósi eykur viðnám þekjufrumna hornhimnunnar gegn þurrki. Droparnir eru án rotvarnarefna og má nota með linsum.
- Blephagel gel**  
 Blephagel er dauðhreinsað gel án rotvarnarefna, ilmefna og alkóhóls. Gelið vinnur vel á hvarmabólgu, veitir raka og mykrir augnlokinn. Það er hvorki feitt né klístrað.
- Blephaclean blautklútar**  
 Blephaclean eru dauðhreinsaðir blautklútar án rotvarnar- og ilmefna sem vinna vel á hvarmabólgu. Hentar einnig þurrum augum og þeim sem nota linsur.

GB Tjónaviðgerðir ehf Draghálsi 6-8  
 Gjögur hf Kringlunni 7  
 Gjörvi ehf Grandagarði 18  
 Glerpró ehf Funahöfða 13  
 Gluggahreinsun Bjarna Guðberg ehf Urðarstekk 9  
 Gluggasmiðjan hf Viðarhöfða 3  
 Grandakaffi ehf Grandagarði 101  
 Guðmundur Arason ehf-GA Smiðjárn Skútvogi 4  
 Guðmundur Jónasson ehf Borgartúni 34  
 Gull- og silfursmiðjan Erna ehf Skipholt 3  
 Gullkistan skrautgrípaerlun Frakkastíg 10  
 Gullsmiðurrin í Mjódd Álfabakka 14b  
 Gunnar Eggertsson hf Sundagarðum 6  
 Gúmmisteypa Þ. Lárusson ehf Gyflafliót 3  
 H.N. markaðssamskipti ehf Bankastræti 9  
 Hafgæði sf Fiskislóð 47  
 Hapdrætti DAS Tjarnargötu 10  
 Hapdrætti Háskóla Íslands Tjarnargötu 4  
 Hitastýring hf, raftækjavinnustofa Armúla 16  
 Hjá Dóra ehf, matsala Þönglabakka 1  
 Hjá Guðjónó ehf Þverholti 13  
 Hollt og gott ehf Fosshálsi 1  
 Hótel Cabin ehf Borgartúni 32  
 Hótel Flóki Flókagötu 1

Hótel Holt Bergstaðastræti 37  
 Hótel Óðinsvé hf Þorsgötu 1  
 Hreyfill Fellsmúla 26  
 Hugsmiðjan ehf Snorrabraut 56  
 Húsálagir ehf Gyflafliót 20  
 Hússtjórnarskóli Reykjavíkur Sólvallagötu 12  
 Iceland Seafood ehf Köllunarklettsvegi 2  
 Icelandic Group hf Borgartúni 27  
 Iðjúpjalafélag Íslands Borgartúni 6  
 Iðnó ehf Vonarstræti 3  
 Incco ehf Funahöfða 17a  
 Innes ehf Fossaleyni 21  
 Ímynd ehf Eyjarslóð 9  
 Ísbúð Vesturbæjar ehf Ísfróst ehf Funahöfða 7  
 Íslensk endurskoðun ehf Grensásvegi 16  
 Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf Bildshöfða 12  
 Ísold ehf Nethyl 3-3a  
 Ísólfur Pálmarrson-hljóðfæraumbúð sf Bakkastíg 5  
 Íspólar ehf Borgartúni 30  
 J. S. Gunnarsson hf Fossaleyni 10  
 JP Lögmenn ehf við Höfðatorg  
 K. H. G. Þjónustan ehf Eirhöfða 14  
 K. Pétursson ehf Kristnibraut 29  
 Kaffi París Austurstræti 14  
 Kaffi Roma Laugavegi 118  
 Kaffibarinn ehf Bergstaðastræti 1  
 Karton ehf Bildshöfða 14  
 Kemi ehf-www.kemi.is Tunguhálsi 10

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófasts-  
 dæma Vesturhlíð 8  
 Kjaran ehf Siðumúla 12-14  
 Kjöreign ehf, fasteignasala Armúla 21  
 Kjörgarður Laugavegi 59  
 Knattspyrnufélagið Víkingur Traðarlandi 1  
 Kolaportið Tryggvagötu 19  
 KOM almannatengsl Höfðatorgi  
 Kvikk Þjónustan ehf Vagnhöfða 5  
 Kælitækni ehf. Rauðagerði 25  
 Lagastöð lögfræðipjónusta ehf Lágumúla 7  
 Lagnalagerinn ehf Fosshálsi 27  
 Lambafelli ehf Bakkastöðum 81  
 Landfestar ehf, fasteignafélag Álfheimum 74  
 Landsnet hf Gyflafliót 9  
 Landssamband lögreglumanna Grettisgötu 89  
 Landssamtök líffeyrissjóða Sæturni 1  
 Láshúsið ehf Bildshöfða 16  
 Leiguval ehf Kleppsmýrarvegi 8  
 Leiksport, Hólagarði Lóuhólum 2-6  
 Litir og fönður Skólavörðustíg 12 & Smiðjuvegi 5  
 Lífstykkiabúðin ehf Laugavegi 82  
 Ljósín í bænum Trónuhólum 14  
 LP-Verktak ehf Kleppsvægi 48  
 Lyfjaver ehf Suðurlandsbraut 22  
 Lögmenn Laugavegi 3 ehf Laugavegi 3  
 Löndun ehf Kjalarvegi 21

Marco Polo Kringlunni 4-12  
 Markaðsráð kindakjöts Bændahöllinni Hagatorgi 1  
 Markmið verktakar ehf Skipholt 50d  
 Málarameistarar ehf Logafold 188  
 MD vélar ehf Vagnhöfða 12  
 Merkismenn ehf Armúla 36  
 Meyjarnar kvenfataverslun Háaleitisbraut 68  
 Miðbæjarstofan ehf Tryggvagötu 24  
 Mótur ehf, tiskuverslun Kringlunni 4-12  
 Myndbandaleigan James Bönd Skipholt 9  
 Mörk ehf gróðrarstöð Stjómgróf 18  
 Nýi tónlistarskólinn Grensásvegi 3  
 Nýi ökuskólinn ehf Klettagörðum 11  
 Orkuvirki ehf Tunguhálsi 3  
 Ostabúðin Skólavörðustíg 8  
 Ósal ehf Tangarhöfða 4  
 Pappalagnir ehf Sléttuvegi 23  
 Pétur Stefánsson ehf Vatnssíg 15  
 PG Þjónusta ehf Klukkurima 1  
 Plastpípur ehf Hólmgarði 20  
 PLT lausnir Söltúni 20  
 Plúsmarkaðurinn Hátúni 10b  
 Promennt ehf Skeifunni 11b  
 Þökkun og flutningar ehf Smiðshöfða 1  
 Rafás, rafverktaki Súðarvogi 54  
 Rafbogi ehf Hraunbæ 102b  
 Rafey ehf Hamrahlíð 33a  
 Rafgjafinn ehf Bildshöfða 16





Auður Ólafsdóttir, sjúkrajálfari

## Hreyfiseðill – ígildi lyfseðils

Hreyfiseðill - ávisun á hreyfingu er tveggja ára tilraunaverkefni sem SÍBS hefur forgöngu um, en á þessum tveimur árum er áætlað að Hreyfiseðillinn verði raunhæfur valkostur í heilbrigðiskerfinu á öllu höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Verkefnið er styrkt af Velferðaráðuneytinu og byggir á því að lækna heilsugæslunnar skrifi út Hreyfiseðil fyrir þá einstaklinga sem þeir telja að ábending sé fyrir slíkri meðferð. Einstaklingnum er síðan vísað til samhæfingaraðila til ráðgjafar og eftirfylgni. Með þessu móti er verið að bregðast við þeirri þekkingu sem er til staðar um gagnsemi hreyfingar sem meðferðarúrræðis innan heilbrigðiskerfisins. Jafnframt er sett meiri ábyrgð á einstaklingana og þeim gefið tækifæri til að takast á við sjúkdóma með eigin atorku.

### Skipulag Hreyfiseðilsins

Hreyfiseðilsverkefnið á Íslandi á sér nokkuð langa sögu sem ekki verður rakin hér. SÍBS hefur skipað verkefnisstjórn sem þekkir verkefnið vel og hefur fylgt því eftir um langa hríð. Verkefnisstjórnin sér um framkvæmd og skipulag verkefnisins. Fyrirkomulag hreyfiseðilsins er unnið út frá uppbyggingu FaR (fysískt aktivitet på recept) í Svíþjóð sem Streiturannsóknarstofnunin í Gautaborg hefur stýrt. Sú stofnun með dr. Ingibjörgu Jónsdóttur í fararbroddi hefur verið mikilvægur bakhjarl verkefnisins hér á Íslandi um nokkurra ára skeið.

Reynslan þaðan, m.a. varðandi uppbyggingu og skipulag, er okkur afar dýrmæt. Fram hefur komið að samhæfingaraðilarnir gegna veigamiklu hlutverki varðandi kynningu, utanumhald og eftirlit með uppáskriftaðri hreyfingu og nauðsynlegt er að þeir starfi innan heilbrigðiskerfisins og séu kostaðir af því. Reynsla héðan frá Íslandi síðustu tveggja ára styður þetta og hefur sýnt að mikil vinna felst í að kynna hreyfiseðilsverkefnið innan heilsugæslunnar svo úrræðið sé vel nýtt. Ein forsenda góðrar og hagkvæmrar nýtingar er því

að samhæfingaraðilinn starfi og sé sýnilegur innan veggja heilsugæslustöðvanna.

Í þessu tilraunaverkefni er gert ráð fyrir rúmlega einu stöðugildi samhæfingaraðila og þeim sautján heilsugæslustöðvum sem þegar hafa samþykkt þátttöku er skipt niður í fjögur umdæmi sem hér segir:

- HH Austurbær 30% – Hg Mos, Hg Grafarv, Hg Árbær, Hg Efra Breiðholt, Hg Mjódd
- HH Vesturbær 30% – Hg Seltjarnarness, Hg Miðbæjar, Hg Hlíðar, Hg Glæsibæ, Hg Efstaleiti
- HH Suðurbær 30% – Hg Garðabæ, Hg Sólvangi, Hg Fjörður, Hg Salahverfi, Hg Hamraborg, Hg Hvammur
- Akureyri og Eyjafjarðarsveit 25% – Hg Akureyri

Gert er ráð fyrir að þetta skipulag sé einungis byrjunin en í framtíðinni verði Hreyfiseðilsúr-ræðið í boði á öllum heilsugæslustöðvum landsins. Sú sýn verkefnisstjórnarinnar samræmist drögum að Heilbrigðisáætlun til ársins 2020 sem stýrt hefur verið af Velferðaráðuneytinu s.l. ár.

### Forsendur Hreyfiseðilsins

Umfangsmikil vísindaleg þekking er fyrir jákvæðum áhrifum hreyfingar á hina ýmsu sjúkdóma sem m.a. hefur komið fram í rannsóknnum Pedersen, B.K. og Saltin (B Scand J Med Sci Sports 2006 og Blair et al JAMA 1996). Á töflunum hér má sjá dæmi um jákvæð áhrif hreyfingar á háþrýsting (tafla 1) annars vegar og langvinna lungnateppu (tafla 2) hins vegar.

Skipulögð hreyfing er því öflugt meðferðarúrræði til að vinna á sjúkdómum og sjúkdóms-einkennum eins og langvarandi verkjum, kvíða, depurð, sykursýki, offitu, kransæðasjúkdómum, hjartabilunareinkennum, afleiðingum lungna-pembu, háum blóðþrýstingi, hækkuðum blóðfitum svo eitthvað sé nefnt. Gerður er skýr greinarmunur á fyrirbyggjandi aðgerðum

Gert er ráð fyrir að í framtíðinni verði Hreyfiseðilsúr-ræðið í boði á öllum heilsugæslustöðvum landsins.



### Jákvæð áhrif þjálfunar á háþrýsting

	Miklar vísindalegar sannanir	Frekar miklar vísindalegar sannanir	Takmarkaðar vísindalegar sannanir	Engar vísindalegar sannanir
Meinmyndun				
Sjúkdómseinkenni				
Líkamleg hreysti				
Lífsgæði				

Tafla 1

varðandi sjúkdóma og þess sem sýnt hefur verið fram á að hreyfing sé virkt meðferðarform sem 2. stigs forvörn gegn sjúkdómum. Jafnframt er mikilvægt að átta sig á að Hreyfiseðill kemur ekki í stað hefðbundinnar sjúkráþjálfunar.

Þegar lagt var af stað í að undirbúa Hreyfiseðils-kerfið hér á landi var lögð áhersla á að hafa skýra og góða verkferla þannig að traust myndi skapast á úrræðinu. Aðgreina þyrfti meðferðar-úrræðið frá lýðheilsu og heilsugæslulækna væru í lykilhlutverki hvað það snertir. Einnig hefur verið lagt upp með að samhæfingar-aðilar hafi þekkingu á sjúkdómafræði og lífðlisfræði þjálfunar tengdri sjúkdómum. Gert er ráð fyrir að eftirfylgnin sem tryggir meðferðar-heldnina kosti lítið og því var rafrænt utanum-hald tekið upp sem haldið hefur kostnaði niðri, en þetta rafræna utanumhald er í sjálfu sér sérstakt verkefni hér á landi. Á komandi tímum er áætlað að setja upp námskeið fyrir þá aðila sem vilja bjóða upp á hreyfiúrræði og að þeir aðilar öðlist vottun sem slíkir.

### Jákvæð áhrif þjálfunar á langvinna lungnateppu


	Miklar vísindalegar sannanir	Frekar miklar vísindalegar sannanir	Takmarkaðar vísindalegar sannanir	Engar vísindalegar sannanir
Meinmyndun				
Sjúkdómseinkenni				
Líkamleg hreysti				
Lífsgæði				

Tafla 2

### Ferli Hreyfiseðilsins

Við komuna til heilsugæslulæknis metur læknir einkenni og ástand einstaklingsins. Læknir kynnir hreyfiseðilsúrræðið ef hann telur að það eigi við, metur hvort viðkomandi einstaklingur sé tilbúinn, tekur viðeigandi mælingar og skrifar síðan upp á hreyfingu í stað eða ásamt lyfjum við þeim sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum sem verið er að fást við. Þannig standi Hreyfiseðillinn jafnfætis lyfseðlinum. Því næst er einstaklingnum vísað áfram til samhæfingar- aðila (sjúkráþjálfara) sem staðsettur er innan heilsugæslustöðvarinnar.

Í komunni til samhæfingaraðilans á sér stað hvatningarsamtal þar sem möguleikar og geta til hreyfingar eru ræddir og metnir, sett fram markmið og útbúin æfingaáætlun sem byggir á ofangreindum rannsóknum í samráði við einstaklinginn, s.s. álag, tíðni og tegund þjálfunar. Einnig er 6 mínútna gönguþróf framkvæmt og viðkomandi kennt hvernig skráningu á hreyfingu er háttað á.



Eftirfylgni samhæfingaraðilans byggir á því að einstaklingurinn hringir í ákveðið símanúmer eða skráir sig inn á hreyfisedill.is í hvert sinn sem hreyfing er stunduð samkvæmt áætlun. Þessi skráning einstaklingsins auðveldar utanumhald samhæfingaraðilans og gefur möguleika á markvissri eftirfylgd um framvindu og gang mála auk þess sem eftirfylgnin er í formi samtala og hvatningar. Skráningin gefur þátttakendum möguleika á gagnvirkri endurgjöf og auðveldar hún jafnframt árangursmælingar af verkefninu. Læknirinn fylgir einstaklingnum


líka eftir sbr. önnur úrræði sem notuð eru innan heilbrigðisþjónustunnar. Þessi hluti ferilsins er einstaklingum að kostnaðarlausu.

#### Hreyfiúrræði seðilsins

Eins og fram kom hér að ofan þá er gert ráð fyrir því að þjálfunin geti farið fram víða og nauðsynlegt er að í boði sé hreyfiúrræði með mismikilli ákefð, helst í nærumhverfi einstaklinganna. Erlendis er reynslan sú að skortur hefur verið á framboði á hreyfiúrræðum með lítilli ákefð. Enn sem komið



### Hreyfistjórnun fyrir: Jónína hans Jóns 20. maí 2013



Forskrift

Úrræði  
Gönguhópur með:  
Gönguguggum 1x í viku  
Sundleikfimi 2x í viku  
Hjólátími 2 klst. á viku

er hafa hreyfiúrræðin verið illa kortlögð hér á landi en í lok sumars mun verða opnaður vefurinn hreyfitorg.is. Þar verður hægt að finna þau hreyfiúrræði sem boðið er upp á, en úrræðaaðilar þurfa þá að sjá um að koma upplýsingum inn á vefinn og uppfæra þær reglulega. Þessi vefur mun styðja við framgang og framtíð Hreyfiseðilsins. ÍSÍ mun hýsa vefinn en aðstandendur hans eru m.a. Landlækniseimbættið, Félag sjúkráþjálfara, Læknafélagið, Íþróttakennarafélag Íslands, UMFÍ, Reykjalundur og Virk starfsendurhæfingarsjóður.

### Í lokin

Eitt af meginhlutverkum SÍBS er að stuðla og vinna að forvörnum. Verkefnissjórn Hreyfiseðils-verkefnis SÍBS er bjartsýn á framtíð verkefnisins, enda ekki annað hægt þar sem heilsugæslur höfuðborgarsvæðisins og á Akureyri hafa tekið jákvætt í framkvæmdina. Velferðarráðuneytið hefur stutt vel við hugmyndirnar og samvinna aðila hefur verið góð í alla staði. Kynning á verkefninu bæði fyrir almenning og fagfólk er mikilvæg og því ert þú lesandi góður beðinn um að taka þátt í þeirri herferð og benda fólki í þínu umhverfi á það sem þú hefur hér lesið.



Alþýðusamband Íslands



Jón Steinar Jónsson, læknir Heilsugæslunni í Garðabæ, lektor Læknadeild Háskóla Íslands

## Við erum gerð til að hreyfa okkur

Það getur varla talist umdeilanlegt að hreyfing er mannum eðlislæg og hreyfingarleysið, sem einkennt hefur lífsstíl margra Vesturlandabúa undangengna áratugi, megi kalla framandi fyrir manninn. Tengsl lífsstíls Vesturlandabúa við ýmsa lýðsjúkdóma eru vel þekkt og hafa bæði lýðheilsuaðgerðir og margvísleg úrræði innan heilbrigðiskerfisins skilað umtalsverðum árangri í baráttu við þessa sjúkdóma. Dæmi um slík áhersluatriði eru hár blóðþrýstingur, reykingar, háar blóðfitur og sykursýki.

### Hreyfingarleysi er hættulegt

Fyrir 60 árum birtust í hinu virta læknatímariti *Lancet* niðurstöður úr rannsóknum Morris og félaga á áhrifum hreyfingarleysis fyrir áhættuna á því að fá hjartaáföll. Þetta voru fyrstu rannsóknir sem sýndu heilsufarslega áhættu af hreyfingarleysi. Síðan hefur birst fjöldi stórra og smárra rannsókna um hreyfingarleysi sem áhættuþáttar gagnvart sjúkdómum og dauða, og einnig áhrif hreyfingar sem meðferðar við fjölmörgum sjúkdómum.

### Útbreidd meðferð í Svíþjóð

Lengi hafa heilbrigðisfyrirvöld hvatt almenning til reglulegrar hreyfingar í heilsuverndarskyni. Hreyfing sem meðferð hefur hins vegar ekki markvisst verið í boði innan heilbrigðiskerfisins þrátt fyrir að löngu hafi verið sýnt fram á mikilvægi þeirrar meðferðar í mörgum sjúkdómum. Hreyfingarleysi er lífsstíll og öllu fagfólki ljóst að einfaldar ráðleggingar duga skammt þegar kemur að breytingum á lífsstíl.

Á undanförunum árum hefur þróast í nokkrum nágrannalöndum meðferðarform þar sem skipulagðri hreyfingu með reglulegu eftirliti og aðhaldi er ávísað af læknum, hreyfiseðill. Í Svíþjóð hefur þetta meðferðarform náð mikilli útbreiðslu á síðustu árum og munu nú 9 af hverjum 10 heilsugæslustöðvum þar í landi ávísa hreyfiseðlum.

### Hreyfiseðill á Íslandi

Hugmyndir um hreyfiseðil á Íslandi eru ekki nýjar af nálinni. Fjallað var um þær á Alþingi fyrir nokkrum árum og endurtekið fluttar þingsályktunartillögur um málið, sem hlutu þó ekki framgang. Árið 2005 vann hópur fólks sem var í námi í verkefnastjórnun í Háskóla Íslands verkefni um hreyfiseðil á Íslandi. Í kjölfarið ákváðu læknar Heilsugæslunnar í Garðabæ í samvinnu við höfunda verkefnisins að hleypa af stokkunum tilraun með hreyfiseðil. Til samstarfs komu bæjaryfirvöld og ýmsir aðilar í Garðabæ, sjúkrahjálparar, íþróttafélagið og fleiri. Heilbrigðisráðuneytið veitti styrk til kynningar á verkefninu. Hreyfiseðilstilraunin í Garðabæ varð þó ekki langlíf og voru á því ýmsar skýringar.

Í Heilsustefnu heilbrigðisráðherra frá 2008 voru sett þau markmið að ávísun á hreyfingu yrði komið á innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fyrir árslok 2009 og á öllu landinu fyrir árslok 2010.

Um mitt ár 2011 hófst nýtt tilraunaverkefni um ávísun á hreyfingu eða hreyfiseðil með styrk frá Velferðarráðuneytinu og í samvinnu við fimm heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Reynslan af tilrauninni í Garðabæ sýndi að

Einfaldar ráðleggingar duga skammt þegar kemur að breytingum á lífsstíl.





## Fagleg og persónuleg þjónusta

Við leiðbeinum skjólstæðingum Sí, einstaklingum með þvagleka og aðstandendum þeirra og veitum ráðgjöf varðandi hjúkrunarvörur.



Hafðu samband og við sendum þér TENA bæklinginn.

**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



RV Unique 0113

grundvallarforsenda fyrir verkefninu var ráðning starfsmanns í hlutastarf. Læknar stöðvanna ávísa hreyfiseðli og starfsmaður verkefnisins, sem er sjúkrapjálfi, hittir hvern einstakling einu sinni í byrjun og fylgir honum svo eftir reglulega í gegnum síma eða tölvusamskipti.

Tilraunaverkefnið hefur gengið vel og sýndu tölur eftir eitt og hálf ár að meðferðarhaldnin var 60%, þ.e.a.s. þrjú af hverjum fimm sem byrjuðu meðferðina stunduðu reglulega hreyfingu við lok tímabilsins.

Komið til að vera

Nú hefur hreyfiseðilsverkefnið fengið áframhaldandi og aukinn styrk frá Velferðaráðuneytinu, sem mun gera það kleift að skipuleggja hreyfiseðilsúræði fyrir allar heilsgæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. SíBS mun hýsa verkefnið.

Ávísun á hreyfingu á við sem meðferð eða hluti af meðferð við fjölmörgum sjúkdómum, t.a.m. hjarta- og æðasjúkdómum, lungnasjúkdómum, stoðkerfissjúkdómum, sykursýki, offitu, kvíða, þunglyndi og streitu. Tilkoma þessa meðferðarúræðis í íslensku heilbrigðiskerfi er bylting í þeim skilningi að um er að ræða nýja meðferð innan heilsgæslunnar, sem er mikilvæg sem a.m.k. hluti af meðferð margra sjúkdóma og þar sem meðferðin byggir á framlagi sjúklingsins sjálfs.

Það er von okkar sem stöndum að hreyfiseðlinum að starfsfólk og skjólstæðingar heilsgæslunnar taki þessu nýja meðferðarúræði með opnum hug og að innan fárra ára verði ávísun á hreyfingu sjálfsgöður hluti af íslensku heilbrigðiskerfi. **SÍBS**

Ávísun á hreyfingu á við sem meðferð eða hluti af meðferð við fjölmörgum sjúkdómum, t.a.m. hjarta- og æðasjúkdómum, lungnasjúkdómum, stoðkerfissjúkdómum, sykursýki, offitu, kvíða, þunglyndi og streitu.

≡ HÉÐINN ≡

Fjallabyggð



**GARÐS APÓTEK**  
- rétt leið

# Ég get þetta líka!

Sólveig Sigurðardóttir er 44 ára. Líf hennar var komið í miklar ógöngur fyrir rúmu ári síðan. Hún var 75% öryrki, alltaf slöpp og þreytt og aukakílóin skiptu tugum – þegar hún loksins ákvað að breyta um lífsstíl.

„Já, hvernig kemst maður í svona ógöngur. Ég hef oft hugsað um það,“ segir Sólveig þegar ég heimsæki hana í Seljahverfið í Breiðholti, þar sem hún býr með eiginmanni, tveimur börnum, einum ketti og einum hundi. „Ég byrjaði að þyngjast sem barn og þá datt engum í hug að breyta um lífsstíl. Ég var þó sett í megrun og grenntist eitthvað, fitnaði svo aftur og fór aftur í megrun og grenntist aftur og fitnaði aftur – og svona hélt þetta bara áfram. Ég var alltaf annað hvort of stór eða of lítil.“

Í gegnum árin hef ég tekið alls konar kúra, en aldrei stundað almennilega hreyfingu. Keypti mér að vísu kort í einhverja líkamsrækt einhvern tíma en mætti bara tvisvar eða þrisvar, fannst það hundleiðinlegt og alls ekki fyrir mig. Maður heyrði þó stöðugt talað um hve hreyfing væri nauðsynleg og góð fyrir líkamann.“

Sólveig greindist með MS-sjúkdóminn fyrir um 10 árum síðan. „Þá hafði ég fundið fyrir ýmsum einkennum um margra ára skeið, en ekki viljað viðurkenna þau sem merki um alvarlegan sjúkdóm. Ég tel að ég hafi fengið fyrsta alvöru kastið þegar ég var 25 ára og bjó úti í London. Ég var á gangi úti á götu og missti skyndilega allan mátt í líkamanum, alveg fyrirvaralaust. Ég var að koma úr IKEA með fullt af pokum og leit í kringum mig og hugsaði: „Hvað er eiginlega að koma fyrir mig?“

Ég var sett í sjúkrahjálfun og alls konar til að koma mér á fætur aftur. Það tók smá tíma og ég kom hingað heim og hélt ég hefði bara unnið yfir mig. Svo gekk þetta til baka og ég hugsaði með mér að ég þyrfti bara að vinna minna. Á þessum tíma var ég hárgreiðslukona og hafði unnið sem slík á Hiltonhótelu í London, þar sem var alveg rosalega mikið að gera.

En það komu alltaf einhver köst öðru hvoru og svo þegar ég var ólétt af dóttur minni, það eru fimmtán ár síðan, vaknaði ég upp eina nóttina og var gjörsamlega lömuð, gat bara ekkert hreyft mig. Ég var komin sex mánuði á leið og þetta var mjög óvenjulegt fyrir MS frétti ég seinna, því yfirleitt fá MS-konur ekki köst á meðgöngunni. En á þessum tíma vissi enginn hvað gekk að mér og lítið hægt að skoða mig komna þetta langt á leið. Ég var bara lögð inn, en rétt áður en ég átti að fara í keisaraskurðinn vildu lækarnir meina að það væri eitthvað að mænunni og vildu ekki að ég færi í svæfingu. Ég fékk svo nokkurn styrk aftur fyrir fæðinguna, og hún lukkaðist vel og eftir hana gekk þetta enn betur til baka. Það var mjög skrítið allt saman. Svo þegar stelpan var orðin níu mánaða þá veiktist ég og varð aftur svona máttlaus. Og meira en það, því ég var nánast í dái í þrjár vikur. Ég heyrði og skildi allt, en gat ekkert tjáð mig. Þetta var vegna mænusýkingar.

Ég var svo oft veik að ég var úrskurðuð öryrki áður en ég greindist með MS, sem var fyrir tíu árum eftir að ég hitti ég John Benedikz taugasérfræðing. Ég var búin að fara í segulómun og ýmsar aðrar rannsóknir áður, það var búið að segja mér að þetta væru mænubólgur og þær væru oft undanfari MS eða annarra sjúkdóma, en ég hlustaði ekkert á það, ekki fyrr en ég hitti John. Í framhaldi af greiningunni fór ég í gegnum allan þennan lyfjarússibana og hef sjaldan verið veikari en þegar ég var að sprauta mig með þessum interferón-lyfjum. MS er óútreiknanlegur sjúkdómur, en þegar maður hættir að verða hræddur við hann, tekur hann í sátt og fer að líta á hann sem vin sinn, fatlaðan vin, þá einhvern veginn verður þetta bærilegra og ég er ekki á neinum lyfjum núna.

Ég var þó alltaf hrædd um að fá aftur kast ef ég reyndi of mikið á mig. Og smám saman varð ég að hálfgerðri ruslakistu. Varð alltof þung, borðaði enda mest þungan mat sem gerir mann sífellt þreyttan. Hugurinn fór alveg niður í kjallara



„Ég vil ná í hráefnið sem næst upprunanum og matbúa það sjálf.“

og ég var komin í eitthvert ömurlegt ástand sem mér fannst ég ekki komast út úr og reyndi bara að sætta mig við. Sem sagt algjört sjálfsskaparvíti.

Í nóvember 2011 fór ég svo í stóra kviðslitsaðgerð. Mér leið ömurlega og hugsaði: „Ég er orðin alltof stór og eftir að ég verð búin að jafna mig eftir þetta kviðslit skal ég einhvern veginn komast í betra form, hvernig sem það gerist.“ Upp úr því tók ég að fylgjast betur með og pæla í þessum hlutum. Fór að taka eftir fólki sem hafði gert eitthvað í sínum málum og náð árangri. Ég heyrði líka æ oftara talað um þessa sérstæðu líkamsræktarstöð, Heilsuborg, sem hefur meðal annars lækna og sjúkraþjálfara í sinni þjónustu. Ég fór að gæla við þá hugsun að skella mér þangað, ekki síst eftir að ég sá þátt á Stöð 2 þar sem kona að nafni Helga var í viðtali. Hún var komin í algjörar ógöngur með sjálfa sig, orðin alltof þung og slöpp. En hún tók sig á og var því líkt dugleg, hamaðist áfram með sjálfa sig og náði miklum árangri. Og ég hugsaði: „Þetta get ég líka!“

Sólveig var sex vikur að ná sér eftir kviðslitsaðgerðina. „Á þeim tíma komu jólin en svo hinn langþráði janúar þar sem allir stíga á stökk og fara að gera eitthvað í málunum. Ég fór þó ekki strax í Heilsuborg, heldur byrjaði á því að breyta mataræðinu upp á eigin spýtur. Ég gerði það líka út af dóttur minni sem er með ADHD og son minn sem var alltof þungur. Ég ákvað sem sé að breyta öllu á heimilinu. Ég komst að því að líkt og maður getur borðað sig feitan er

hægt að borða sig grannan, líkt og maður getur borðað sig veikan getur maður borðað sig aftur til heilsu – það fer eftir því hvernig maður hagar mataræðinu.

Ég sat yfir þessu alveg í tvo heila mánuði. Ég byrjaði á því að hætta að borða allan unninn mat og helst ekki matvörur sem búið er að eiga mikið við og eru með utanaðkomandi efnum í og þannig komnar langt frá upprunanum. En ég set samt engin bönn, allt er í sjálfu sér leyfilegt. Svo fylgisti maður vel með því hvað fer inn og út og hægt og rólega tekur maður alla óhollustuna út. Í dag nota ég ekki hvítan sykur, ekki hvítt hveiti, ekkert pasta og hrísgrjón, þó stundum hýðishrísgrjón en bý annars til blómkáls-hrísgrjón. Ég hætti líka að borða allan mat sem gerði mig þreytta, eins og þungar mjólkurvörur, og nota til dæmis avokadó í stað smjörs. Grundvallarhugsunin er að neyta matar sem gerir líkamanum gott, og sleppa þeim mat sem gerir líkamanum slæmt. Eitt af því sem fylgir MS-sjúkdóminum er mikil þreyta og ef maður er alltaf að borða mat sem gerir mann þreyttan þá verður maður bara þreyttari.“

Eftir að hafði ástundað hið breyta mataræði í tvo mánuði dreif Sólveig sig í líkamsræktina í Heilsuborg. „Ég skráði mig á námskeið sem átti að vera í minnst þrjú mánuði. Maður gat líka skráð sig til árs og fengið það eitthvað ódýrara. Og ég hikaði ekki og skráði mig til árs. Tók bara bókstaflega í hendina á sjálfri mér þegar ég var komin aftur út í bíl og sagði við sjálfa mig: „Nú mætir þú í eitt ár og gerir allt sem þú átt að



„Ég skal komast í betra form, hvernig sem það gerist.“

gera og gerir það rétt og gerir það vel.“ Ég hafði aldrei áður verið svona gersamlega staðföst um neitt sem viðkom sjálfri mér.

Ég mætti í hóptíma þrisvar í viku, sem er skyldumæting. Það er hakað við nafnið manns í kladda og maður verður láta vita ef maður getur ekki mætt og þá getur maður komið í annan tíma. Rútínan er aðalmálið. Þetta er klukkutími í senn og ég gleymi aldrei þeim fyrstu, maður átti að leggjast niður á dýnu og gera einhverjar æfingar og við vorum þarna nokkrar sem gátum bara sest á stól til að byrja með, ekki séns að maður færi að leggjast niður á einhverja dýnu og gera æfingar. Og mér var illt alls staðar í lík-amanum. Ég hafði ekkert þol. Ég var endalaust hrædd um að ofreyna mig. Það var ekki fyrr en eftir svona mánuð að ég hugsaði: „Leyfðu þessu bara að rúlla. Hættu að pæla í hlutunum, gerðu þá bara.“ Og þá einhvern veginn fór mér að ganga miklu betur. Ég fór svo að mæta fjórum sinnum í viku, hélt áfram og kláraði þessa þrjá fyrstu mánuði, sem voru svona eins og gjörgæslumánuðir. Síðan er þetta kallað viðhaldsprógramm og ég hélt áfram og bætti við mig og er nú búin að vera sex sinnum í viku í níu mánuði. Mæti ekki á sunnudögum af því þá er lokað. Á þessum tíma hef ég losnað við 35 kíló, fyrstu fimm kílóin fuku þegar ég skipti um mataræði og eftir að ég byrjaði í Heilsuborg hafa fokið 30 til viðbótar.

Núna er ég löngu hætt að einblína á vigtina. Hún getur hoppað upp og niður og gert mann

alveg ómögulegan á sálinni. En frá byrjun hef ég farið reglulega í mælingu þar sem farið er yfir helstu þætti eins og blóðþrýting, fitu, ummál og fleira, svona eins og þegar maður fer með bílinn í skoðun. Núna eru það atriði eins og blóðþrýstingurinn og fituþrósentan sem skipta mig mestu máli, ekki kílóin. Og svo fatastærðin, ég var komin í breskum númerum í 24 en er í 16 í dag, svo það er talsverður munur. Og því hefur dáldið mikill en ánægjulegur fatakostnaður fylgt þessum breytingum,“ segir Sólveig og hlær.

En hver er kostnaðurinn við að vera í svona æfingaprógrammi?

„Hann er heilmikill, svona 13-14 þúsund á mánuði, en hinn kosturinn er líka dýr. Maður getur dáið úr offitu. Henni fylgja alls konar sjúkdómar, þunglyndi, hjarta- og æðasjúkdómar, sykursýki 2 og svo framvegis. Ég var orðin hrædd um sjálfa mig hvað það varðaði líka. Ég hef þó að mörgu leyti hugsað vel um mig þannig lagað séð, til dæmis aldrei reykt og áfengi hefur aldrei verið vesen hjá mér. Núna eru komin tvö ár síðan ég hætti að drekka gos. Ég drakk áður að minnsta kosti tvo lítra á dag af Pepsi Max, það er með gervisætu og mjög slæmt fyrir fólk með taugasjúkdóma. Það er mikil blessun að losna við gosið, núna drekk ég ekki einu sinni malt og appelsín á jólunum. Ég þarf heldur ekki að hugsa langt aftur í tímann til að minnst þess hvernig ástand mitt var.

Ég æfi enn sex daga vikunnar, en er ekki lengur í þessum svokölluðu heilsulausnum. Þrjá morgna í viku er ég í morgunþreki, sem er aðeins á færi þeirra færustu en ég ákvað að henda mér út í þá djúpu laug – og hef ekki ennþá gefist upp. Það eru bara lyftingar og alvöru ... Einu sinni í viku er ég í svokölluðu tapata, sem byggist á stöðvaþjálfun. Á fimmtudagskvöldum eru æfingar í anda boot camp og á laugardögum eru opnir tímar, þar er súmba, dans og alls konar. Þetta er alveg ótrúleg breyting, algjör viðsnúningur í lífsstíl og ég lít á þetta núna sem fulla vinnu.“

Hvernig hefur fjölskyldan tekið þessum umbreytingum öllum?

„Dóttur minni leist ekkert á blikuna í fyrstu og hugsaði greinilega: „Nei, ætlar mamma í eina megrunina í viðbót. Af hverju ætti ég að taka þátt í þessu eina ferðina enn!“ En núna er hún voða stolt. Þetta hefur breytt öllu í matvenjum heimilisins, en ég passaði mig á því að allt í einu yrðu ekki bara gúrka og gras í matinn, heldur yrði ég að fara aðra leið og finna góða blöndu sem allir yrðu sáttir við. Það finnst mér hafa tekist. Strákurinn minn hefur til dæmis misst níu kíló á þessum tíma, ég tel mig hafa forðað honum frá sykursýki seinna meir. En dóttir mín fæddist einhvern veginn holl, hún hefur alltaf tekið grænmetið fram yfir sælgætið og sér alveg um sig sjálf hvað þetta varðar. Hún er tágrönn.

Ég tek alltaf myndir af því sem ég borða og



# Njóttu lífsins

Fastus býður uppá fjölbreytt úrval af rafskutlum

- Meðfærilegar í notkun
- Einfaldar stillingar

Hafðu samband  
og við hjálpum þér  
að finna rafskutlu  
við hæfi



FASTUS.H.01.01.13

Síðumúli 16

• 108 Reykjavík

• Sími 580 3900

• [www.fastus.is](http://www.fastus.is)

• Verslun opin mán - fös 8.30 - 17.00


set þær á facebook, á hverjum degi af því ég er svo léleg í að skrifa dagbók. Og það er fullt af fólki að fylgjast með og spá og spekúlera. Mér fannst vanta svona íslenska síðu þegar ég var að byrja í þessu, en fann nokkrar útlenskar, einkum bandarískar. Þær hjálpa manni mjög mikið, enda er þetta ekki þannig að maður vakni bara einn daginn og segi við sjálfan sig: „Jæja, nú ætla ég að skipta um lífsstíl. Nú hendi ég öllu úr eldhússkápunum og byrja upp á nýtt.“ Maður veit ekki neitt í sinn haus í byrjun, það er eins og að lesa kínversku að setja sig inn í upplýsingarnar á matarumbúðunum. Þetta tekur allt sinn tíma. En núna geri ég allt frá grunni, sósur og allt, og er sífellt að bæta við mig þekkingu í þessum efnun.

Mataræðið er grunnurinn að breyttum lífsstíl og við sem þjóðfélag verðum að vakna til meðvitundar um það. Ef við höldum áfram á þeirri braut sem við erum á í dag, með allan þessa tilbúnu matvöru, alla þessa skyndibita og drasl – þá verðum við öll veik. Það er vissulega smá vakning í gangi, en þetta er enn þá á rangri braut og það á líka við um hreyfinguna. Í gamla daga fór maður flest fótgangandi, núna er alltaf verið að skulta öllum fram og til baka, þó um stuttar leiðir sé að ræða. En svo eru öfgarnar líka svo miklar í hina áttina hjá krökkunum, svo sem hjá þeim sem æfa með einhverjum íþróttafélögum. Þá eru æfingarnar svo strangar að það er beinlínis óhollt fyrir þau, enda detta mörg út á unglingsárunum og í stað þess að halda áfram

í þokkalegri hreyfingu þá hætta flest að gera nokkurn skapaðan hlut.“

Sólveig segir ekkert trúarlegt blandast inn í átakið hjá sér. „Nei, kúrar og ismar og allt slíkt á ekki upp á pallborðið hjá mér. Ég vil bara ná í hráefnið sem næst upprunanum og matbúa það sjálf. Svo einfalt er það. Það er líka mjög gaman að spá í mataræðið þegar maður er loksins kominn af stað. Hvað gerir manni gott? Þetta er ferli sem endar í rauninni aldrei, en þegar fólk er komið á þann stað sem ég var á: veik, alltof feit og gjörsamlega búin á því – þá verður það að fá hjálp. Það er eiginlega vonlaust að gera þetta einn og óstuddur.“

Hvernig hefur MS-sjúkdómurinn þróast eftir umskiptin?

